

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj. kr.

2. gr.

Af lánsfé því, sem aflað er skv. 1. gr., skal verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallareksturs Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmda þeirra umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974.

Jafnframt er heimilt að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda Vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar og með þeim skilyrðum sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 18,5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.